

# Frumvarp til laga

um

heimild handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings.

(Lagt fyrir alþingi 1916).

---

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að ákveða með reglugjörð breytingu á tíma-  
reikningi á Íslandi þannig, að klukkan verði færð fram um alt að  $1\frac{1}{2}$  klukku-  
stund frá svonefndum íslenskum meðaltíma og verði þá 1 klukkustund og  
58 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sakir óvenjulega hás verðs á ljósmeti hefur landsstjórnin talið það  
brýnt nauðsynlegt, að innfæra sjerstakan tímareikning þá tíma ársins, sem  
breyting á hinum annars fastákveðna tímareikningi leiðir til betri hagnýtingar  
dagsbirtunnar og þá um leið til sparnaðar á ljósmeti.

Fyrir því voru gefin út bráðabirgðalög 4. ágúst þ. á., um heimild  
handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings, er prentuð eru  
sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu og hjermeð leggjast fyrir alþingi.

Ákvæði lagafrumvarps þessa eru samhljóða ákvæðum bráðbirgðalaganna.

---

Fylgiskjal

## Bráðabirgðalög

um

heimild handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi i Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Íslands ráðherra Vor hefur tjáð Oss, að vegna óvenjulega hás verðs ljósmetis á Íslandi sje brýnt nauðsynlegt að innfæra sjerstakan tímareikning þannig, að klukkan verði færð fram um alt að hálfri annari klukkustund, en með því mundi nokkurn tíma ársins sparast allmikið ljósmeti. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að heimila ráðherra Íslands með bráðabirgðalögum samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 að setja með reglugjörð ákvæði um breytingu á tímareikningnum.

Þvi hjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að ákveða með reglugjörð breytingu á tímareikningi á Íslandi þannig, að klukkan verði færð fram um alt að 1½ klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma og verði þá 1 klukkustund og 58 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 4. ágúst 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson,*